Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, haldið 1. október 2026 á Hótel Laugarbakka í Húnaþingi vestra, samþykkir eftirfarandi ályktanir:

Hækkun kílómetragjalds á ökutæki og eldsneytisskatta

Haustþing SSNV mótmælir hækkun kílómetragjalds á ökutæki og hækkun eldsneytisskatta, sem hvort tveggja leggst þyngra á íbúa landsbyggðarinnar en á íbúa þéttbýlis. Kílómetragjaldið er lagt jafnt á alla bíleigendur óháð búsetu, en fjarlægðir til vinnu, skóla og grunnþjónustu eru margfalt meiri í dreifbýli en í þéttbýli, og valkostir í almenningssamgöngum eru takmarkaðir eða engir á svæðinu. Einkabíllinn er í reynd eina raunhæfa samgöngutækið fyrir stóran hluta íbúa, sem gerir þennan hóp sérstaklega berskjaldaðan fyrir gjaldahækkunum af þessu tagi.

Þá er sérstaklega óásættanlegt að auka álögur á akstur á meðan margir vegir á Norðurlandi vestra eru í óviðunandi ástandi og viðhaldi þeirra ábótavant. Íbúar þurfa daglega að aka þessa vegi og bera kostnað og áhættu sem slæmu ástandi þeirra fylgir. Þingið krefst þess að tekjur af gjaldtöku á umferð skili sér í tryggu fjármagni til viðhalds, vetrarþjónustu og aukins umferðaröryggis á svæðinu.

Á sama tíma standa íbúar frammi fyrir hækkun eldsneytisskatta. Um síðustu áramót voru vörugjöld og olíugjald á eldsneyti að vísu felld niður, en á sama tíma hækkar kolefnisgjald verulega, um 25% umfram almenna verðlagsþróun, þannig að heildaráhrifin eru hækkun á eldsneytiskostnaði. Bent hefur verið á að breytingin skapi hættu á að ávinningur af niðurfellingu eldri gjalda skili sér ekki að fullu til neytenda, þar sem eftirlit með því að olíufélög lækki verð til samræmis er af skornum skammti. Verði svo hækkar eldsneytisverð til neytenda þrátt fyrir að ríkið hafi formlega afnumið hluta gjaldanna, á meðan kolefnisgjaldið hækkar áfram með þeim afleiðingum að heildarbyrðin á neytendur eykst fremur en annað.

Sameiginlegt með báðum þessum breytingum er að þær koma fram sem flöt gjaldtaka sem tekur ekkert tillit til búsetu, og því lenda þær margfalt þyngra á íbúum Norðurlands vestra, sem þurfa að aka lengri vegalengdir en íbúar þéttbýlis vegna dreifðrar búsetu og takmarkaðrar grunnþjónustu í heimabyggð. Búsetufrelsi á landsbyggðinni má ekki skerðast vegna skattlagningar sem tekur ekkert tillit til aðstæðna.

Haustþing SSNV krefst þess að fjármála- og efnahagsráðuneytið dragi til baka hækkun kílómetragjalds og falli frá frekari hækkun eldsneytisskatta, og að við ákvarðanir um skattlagningu aksturs og eldsneytis verði framvegis tekið mið af sérstöðu dreifbýlis þar sem akstur er ekki munaður heldur nauðsyn til að sækja vinnu, skóla og heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er þess krafist að tryggt verði að álestur og innheimta kílómetragjalds séu áreiðanleg, og að virkt eftirlit verði haft með því að afnám annarra eldsneytisgjalda skili sér að fullu til neytenda.

Haustþing SSNV beinir ályktun þessari til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem fer með stefnumótun í skattamálum og ber ábyrgð á kílómetragjaldi, eldsneytisgjöldum og kolefnisgjaldi, og krefst þess að ráðuneytið endurskoði ákvarðanir sínar með hliðsjón af sérstöðu dreifbýlis. Jafnframt er erindinu komið til

fjárlaganefndar Alþingis og innviðaráðuneytisins, enda varða ákvarðanir um gjaldtöku á umferð beinlínis samgönguöryggi, viðhald vegakerfisins og búsetuskilyrði á Norðurlandi vestra.

Samgöngu- og innviðamál

Haustþing SSNV fagnar samþykkt samgönguáætlunar fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun og því að Fljótagöng á norðanverðum Tröllaskaga eru þar sett í forgang sem næsta stóra jarðgangaframkvæmd. Engu að síður er brýnt að minna á að fjármagn til viðhalds og uppbyggingar tengi- og stofnvega á Norðurlandi vestra hefur um árabil verið langt frá því sem þarf, en landshlutinn er enn með eitt hæsta hlutfall malarvega á landinu og því einna viðkvæmastur fyrir niðurskurði í viðhaldi. Vetrarþjónusta og snjómokstur eru ekki síður mikilvæg en nýframkvæmdir, enda ræður greið vetrarumferð úrslitum um öryggi íbúa, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og samkeppnishæfni atvinnulífs í landshlutanum, og verkefni á borð við endurbætur á tengivegum sem lengi hafa beðið á síðari stigum samgönguáætlana mega ekki lenda aftast í forgangsröðun þegar fjármagni er úthlutað.

Sambærileg staða blasir við í fjarskiptamálum. Í kjölfar þess að slökkt hefur verið á 2G- og 3G-farsímakerfum landsins er brýnt að tryggja að farsímasamband til sveita á Norðurlandi vestra sé fyllilega tryggt. Þótt símafyrirtæki hafi boðið upp á leiðir til að kanna hvort einstök tæki nái sambandi eftir útfösunina leysir slíkt ekki þann vanda að sendar sem áður náðu til afskekktra svæða á 2G/3G-tíðnum þjóna nú færri stöðum, og að uppbygging 4G- og 5G-dreifikerfis hefur ekki alls staðar fylgt sömu landfræðilegu dreifingu og eldri kerfi. Reynslan sýnir að umskiptin hafa á köflum skilið íbúa og vegfarendur eftir sambandslausa á svæðum þar sem eldri kerfi náðu áður sambandi, sem er alvarlegt öryggismál jafnt fyrir íbúa sem ferðafólk, ekki síst á fjallvegum og í dreifbýli þar sem fjarskiptasamband getur ráðið úrslitum í neyðartilvikum.

Innviðaskortur landshlutans nær einnig til raforkukerfisins. Norðurland vestra hefur um árabil búið við takmarkaða flutnings- og afhendingargetu raforku sem hamlað hefur atvinnuuppbyggingu, fjárfestingum og orkuskiptum, og tækifæri hafa þegar runnið landshlutanum úr greipum af þeim sökum. Haustþing SSNV ítrekar þá kröfu stjórnar SSNV að Norðurland vestra verði sérstaklega skilgreint sem forgangssvæði við uppbyggingu flutningskerfis raforku og að ráðist verði hið fyrsta í uppbyggingu Blöndulínu 3 og Holtavörðuheiðarlínu 1 og 3 auk endurnýjunar Sauðárkrókslínu 1, en núverandi meginflutningslínur í landshlutanum eru þegar fulllestaðar. Jafnframt er það markmið stjórnvalda að afhendingaröryggi í landshlutakerfinu verði ekki tryggt fyrr en árið 2045 allt of fjarlægt og samræmist hvorki þörfum atvinnulífs né markmiðum um orkuskipti og jákvæða byggðaþróun.

Á sama tíma mótmælir haustþing SSNV fyrirhugaðri lækkun framlaga ríkisins til hafnarframkvæmda. Hafnir gegna lykilhlutverki fyrir sjávarútveg, ferðaþjónustu og almenna vöruflutninga í sjávarbyggðum Norðurlands vestra, og án viðunandi viðhalds og endurnýjunar er öryggi og rekstrarhæfi þeirra í hættu. Fámenn sveitarfélög á Norðurlandi vestra hafa takmarkað bolmagn til að standa undir hafnarframkvæmdum þegar framlög ríkisins dragast saman, þrátt fyrir kröfur um öryggi og þjónustustig, og verði dregið enn frekar úr fjármagni er hætt við að nauðsynlegu viðhaldi verði frestað, sem til lengri tíma leiðir til hærri kostnaðar, aukinnar áhættu og skertrar samkeppnishæfni sjávarbyggða á svæðinu.

Haustþing SSNV krefst þess að fjármagn til samgöngubóta, fjarskipta og hafnarframkvæmda á Norðurlandi vestra endurspegli raunverulega þörf landshlutans, með áherslu á öryggi vegfarenda, vetrarþjónustu,

fullnægjandi 4G/5G-dekkun og viðhald og uppbyggingu hafna, þannig að innviðirnir standi ekki í vegi fyrir búsetu og atvinnuuppbyggingu í dreifbýli.

Innviðir eru forsenda þess að landshlutar sitji við sama borð þegar kemur að búsetuskilyrðum, atvinnuuppbyggingu og samkeppnishæfni. Verði samgöngur, fjarskipti, raforka og hafnir áfram afgangsstærð í fjármögnun er hætt við að Norðurland vestra dragist enn frekar aftur úr, þvert á markmið um jafnræði landshluta og jákvæða byggðaþróun. Haustþing SSNV krefst þess að þessu verði snúið við.

Ályktun þessari er beint til innviðaráðuneytisins hvað varðar samgöngu-, fjarskipta- og hafnarmál, og til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins hvað varðar forgangsröðun og hraða uppbyggingar flutningskerfis raforku á Norðurlandi vestra.

Breytingar á kosningalögum – fækkun þingmanna úr 7 í 6

Haustþing SSNV lýsir eindreginni andstöðu við tillögur starfshóps dómsmálaráðherra um breytta kjördæmaskipan sem fela í sér að þingmönnum Norðvesturkjördæmis verði fækkað úr sjö í sex. Þótt tilgangurinn sé sagður að jafna atkvæðavægi út frá fjölda kjósenda á bak við hvern þingmann er hætt við að afleiðingin verði þveröfug: að rödd og áhrif landsbyggðarinnar á Alþingi minnki enn frekar á sama tíma og fjarlægðir, dreifð byggð og fámenni kalla á meiri tengingu við kjörna fulltrúa, ekki minni.

Fækkun þingmanna dregur úr getu íbúa Norðurlands vestra til að hafa áhrif á löggjöf og fjárveitingar sem varða hagsmuni landshlutans sérstaklega, s.s. í samgöngu-, fjarskipta- og byggðamálum, og eykur enn á það vinnuálag sem hvílir á hverjum þingmanni landsbyggðarkjördæma sem þegar þarf að sinna fjölbreyttari og fjarlægari hagsmunum en þingmenn þéttbýlla kjördæma.

Haustþing SSNV krefst þess að við endurskoðun kosningalaga verði tekið tillit til fjölþættari mælikvarða á jafnræði, þannig að landfræðileg dreifing byggðar og fjarlægðir vegi einnig þungt, og að tillögur sem draga úr vægi landsbyggðarkjördæma í heild verði ekki innleiddar án undangenginnar, ítarlegrar umræðu um áhrif þeirra á lýðræðislegt jafnræði og byggðaþróun.

Ályktun þessari er beint til dómsmálaráðuneytisins, sem fer með kosningalög og skipaði þann starfshóp sem tillögurnar eru byggðar á, með afriti til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis sem fer með málið í þinglegri meðferð. Jafnframt verður ályktunin send öllum þingflokkum Alþingis.

Skerðing á framlögum til Landshlutasamtaka

Haustþing SSNV mótmælir fyrirhugaðri skerðingu á framlögum ríkisins til sóknaráætlana og til atvinnuþróunar á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Sóknaráætlanir og atvinnuráðgjöf landshlutasamtaka hafa reynst mikilvægur farvegur fyrir atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á landsbyggðinni og skila sér margfalt til baka í formi fjölbreyttara atvinnulífs, betri þjónustu og skilvirkari nýtingu á opinberu fjármagni. Slík skerðing er jafnframt í hrópandi mótsögn við eigin stefnu stjórnvalda í byggðaáætlun, þar sem lögð er rík áhersla á að uppbygging landshluta byggi á áherslum heimafólks og að sóknaráætlanir séu megin farvegurinn til að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd heima í héraði. Skerðing á framlögum til þessa málaflokks grefur undan þeim árangri sem náðst hefur og ýtir kostnaði annaðhvort yfir á aðildarsveitarfélögin sjálf eða leiðir til þess að dregið verði úr atvinnuráðgjöf og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki í landshlutanum.

Haustþing SSNV krefst þess að framlög til sóknaráætlana og atvinnuþróunar verði ekki skert heldur tryggð til samræmis við þau verkefni sem landshlutasamtökum er falið að sinna, og að við breytingar á lagaumhverfi sveitarstjórnarstigsins verði tryggt að landshlutasamtök hafi burði til að rækja hlutverk sitt sem drifkraftur atvinnuþróunar og málsvari sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Ályktun þessari er beint til fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis, sem fara með fjárveitingar til málaflokksins, sem og til innviðaráðuneytisins, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, sem standa sameiginlega að samningum um sóknaráætlanir landshluta.

Farsæld barna og málefni fatlaðs fólks

Haustþing SSNV lýsir þungum áhyggjum af óvissu um framtíðarfjármögnun farsældarþjónustu í þágu barna. Með lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna var sveitarfélögum falin aukin og lögbundin ábyrgð á stuðningi við börn og fjölskyldur, meðal annars með tengiliðum og snemmtækri íhlutun. Hafa sveitarfélög á Norðurlandi vestra nú þegar lagt umtalsvert í uppbyggingu þessarar þjónustu, m.a. með samstarfssamningi um Farsældarráð á svæðinu. Nú stendur til, samkvæmt fjárlagafrumvarpi, að skera niður rúman milljarð króna sem sveitarfélög höfðu gert ráð fyrir frá ríkinu til stuðnings börnum með stuðningsþarfir, og nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar hefur að auki gagnrýnt harðlega ófullnægjandi undirbúning og óraunhæfar væntingar við innleiðingu laganna. Niðurstaðan er sú að sveitarfélögum er gert að veita áfram lögbundna þjónustu án þess að tryggt sé að fjármagn fylgi.

Þetta er ekki einsdæmi. Sambærileg þróun hefur átt sér stað í málaflokki fatlaðs fólks um árabil. Ítrekað hefur verið bent á að umfang og kostnaður þeirrar þjónustu hafi vaxið langt umfram framlög ríkisins: á árunum 2016–2021 hækkuðu greiðslur til leiðandi sveitarfélagsins vegna málaflokksins um ríflega 500%, þar af jókst kostnaðurinn um 181% á einu ári, milli 2020 og 2021, meðal annars vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks og áhrifa Covid-19 faraldursins á þjónustuþörf. Í báðum tilvikum er um að ræða lögbundna velferðarþjónustu sem ríkið hefur falið sveitarfélögum að veita, án þess að fjármögnun hafi fylgt með fullnægjandi hætti. Afleiðingarnar eru að fámenn sveitarfélög á Norðurlandi vestra sitja uppi með vaxandi fjárhagslega áhættu af verkefnum sem þau hafa takmörkuð áhrif á umfang eða kostnað við.

Haustþing SSNV krefst þess að félags- og húsnæðismálaráðuneytið tryggi áframhaldandi og fullnægjandi fjármagn til farsældarþjónustu í þágu barna, þannig að sveitarfélögum sé ekki gert að veita lögbundna

þjónustu án þess að kostnaði sé mætt. Jafnframt að ríkið tryggi að fjármagn fylgi að fullu þeim verkefnum í málaflokki fatlaðs fólks sem sveitarfélögum er gert að sinna, á grundvelli raunhæfrar kostnaðargreiningar. Sérstakt tillit verði tekið til þess aukna kostnaðar sem hlýst af fjarlægðum og fámenni í landshlutum eins og Norðurlandi vestra, í báðum málaflokkum.

Ályktun þessari er beint til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins.

Ferðaþjónusta á Norðurlandi vestra

Haustþing SSNV lýsir áhyggjum af auknum álögum á ferðaþjónustu og skorti á stuðningi við innviði sem greinin byggir vöxt sinn á, en hvort tveggja ógnar vaxtarmöguleikum ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra. Áform um að hækka virðisaukaskatt á baðlón úr 11% í 24% og innviðagjald á skemmtiferðaskip íþyngja sérstaklega minni höfnum og áfangastöðum á landsbyggðinni. Þrátt fyrir að innviðagjald á farþega skemmtiferðaskipa lækki nokkuð milli ára er það enn umtalsvert hærra en gistináttaskattur sem lagður er á gistinætur, sem skekkir samkeppnisstöðu áfangastaða sem byggja afkomu sína á skemmtiferðaskipum fremur en hefðbundinni gistingu.

Ferðaþjónusta er ein af vaxtargreinum atvinnulífs á Norðurlandi vestra og skiptir sköpum fyrir byggðir landshlutans, þar sem hver ferðamaður og hver skemmtiferðaskipsheimsókn skilar sér víða um nærsamfélagið. Reynsla af sambærilegri gjaldtöku annars staðar á landinu sýnir að útgerðir skemmtiferðaskipa draga fremur úr viðkomu í smærri höfnum þegar gjaldtaka hækkar, sem kemur verst niður á fámennustu og viðkvæmustu byggðarlögunum sem reiða sig hlutfallslega mest á slíkar heimsóknir. Sama hugsunarleysi um dreifbýlar aðstæður birtist í áformum stjórnvalda, samkvæmt framlagðri fjármálaáætlun fyrir árin 2027–2031, um að fella niður tímabundið 100 milljóna króna árlegt framlag til Flugþróunarsjóðs sem runnið hefur til að efla beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Bent hefur verið á að sjóðinn muni skorta fjármagn þegar á árinu 2027 falli framlagið niður, og því er um að ræða beina og fyrirsjáanlega afturför frá þeim árangri sem náðst hefur í uppbyggingu millilandaflugs um völlinn á síðustu árum.

Beint flug um Akureyrarflugvöll skiptir ekki síður sköpum fyrir vöxt og viðgang ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra , enda hefur aðgengi erlendra ferðamanna að landshlutanum um þessa gátt lengt ferðatímabilið, dreift álagi af ferðamönnum og skapað tækifæri fyrir byggðir landshlutans sem að öðrum kosti eru í mikilli fjarlægð frá Keflavíkurflugvelli. Falli framlagið til Flugþróunarsjóðs niður er hætt við að flugfélög dragi úr eða hætti flugi til og frá Akureyri, sem myndi bitna beint á vaxtarmöguleikum ferðaþjónustunnar á svæðinu og gera erlendum ferðamönnum erfiðara fyrir að sækja Norðurland vestra heim, á sama tíma og aukin skattheimta letur til dreifingar ferðamanna um landið með öðrum hætti.

Haustþing SSNV krefst þess að við ákvarðanir um skattlagningu ferðaþjónustu verði tekið tillit til byggðasjónarmiða og að gjaldtaka letji ekki til dreifingar ferðamanna um landið, að stjórnvöld falli frá áformum um að fella niður framlagið til Flugþróunarsjóðs og tryggi þess í stað sjóðnum varanlega og fullnægjandi fjármögnun. Aukin skattheimta sem hvetur til fækkunar viðkomu í smærri höfnum og á fámennari áfangastöðum, samhliða niðurskurði til uppbyggingar millilandaflugs, vinnur beinlínis gegn markmiðum um jafnvægi í byggð landsins og grefur undan þeirri viðleitni sem lögð hefur verið í að byggja upp ferðaþjónustu sem heilsársatvinnugrein á Norðurlandi vestra.

Ályktun þessari er beint til atvinnuvegaráðuneytisins, sem fer með ferðamál, með afriti til fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna skattlagningar ferðaþjónustu og til innviðaráðuneytisins vegna Flugþróunarsjóðs og flugmála.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna húsnæðis fyrir lögbundna þjónustu

Haustþing SSNV skorar á ríkisstjórn og Alþingi að lögfesta fulla og varanlega endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna byggingar, endurbóta og viðhalds húsnæðis sem sveitarfélögum ber að leggja til vegna lögbundinnar þjónustu, þar á meðal leik- og grunnskóla. Endurgreiðslan taki bæði til vinnu og efnis, að því marki sem skatturinn fæst ekki þegar endurgreiddur.

Nauðsynlegt húsnæði er forsenda þess að sveitarfélög geti sinnt lögbundnum skyldum sínum. Þingið telur eðlilegt að sveitarfélög fái endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum sem nauðsynlegar eru til að uppfylla þær skyldur. Full endurgreiðsla myndi draga úr fjárfestingar- og viðhaldskostnaði, minnka lánsfjárþörf og styrkja getu sveitarfélaga til að tryggja öruggt og viðunandi húsnæði fyrir þjónustuna.

Haustþing SSNV beinir ályktun þessari til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og hvetur ráðuneytið til að beita sér fyrir því að endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu og efniskostnaðar við byggingu, endurbætur og viðhald mannvirkja sem hýsa lögbundna þjónustu sveitarfélaga, þar á meðal leik- og grunnskóla, verði lögfest með fullum og varanlegum hætti. Þingið bendir á að núverandi fyrirkomulag byggist á tímabundnum reglugerðarheimildum sem endurnýja þarf reglulega, sem skapar óvissu fyrir sveitarfélög sem þurfa að skipuleggja fjárfestingar í innviðum til lengri tíma. Ályktuninni er jafnframt komið til Innviðaráðuneytisins til upplýsingar, í ljósi þess að málið varðar beinlínis getu sveitarfélaga til að standa undir lögbundinni þjónustu.

Tillaga að skipan samgöngu- og innviðanefndar

Haustþing SSNV leggur til að endurskipuð verði Samgöngu- og innviðanefnd SSNV. Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi á Norðurlandi vestra og skulu sveitarfélögin tilnefna hvert um sig sinn fulltrúa fyrir 30. október nk. Hlutverk nefndarinnar er að yfirfara gildandi samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra og uppfæra eftir þörfum. Skal endurnýjuð áætlun lögð fyrir ársþing SSNV 2027.

Vinnu við gerð núgildandi samgöngu og innviðaáætlun Norðurlands vestra lauk í apríl 2024. Síðan þá hefur verið ráðist í nokkrar framkvæmdir sem tilgreindar voru í áætluninni auk þess sem áherslur einstaka sveitarfélaga kunna að hafa breyst. Því er ástæða til að hefja vinnu við að taka upp áætlunina að nýju, enda henni ætlað að vera lifandi plagg svo hún þjóni tilgangi sínum.